

# Samstarfshópur um gerð stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Geysi

## Fundargerð

1. Fundur samstarfshóps var haldinn í gegnum Teams 10. febrúar 2021 kl. 13:00-14:00

## Fundarmenn

*Þórdís Björt Sigþórsdóttir, Umhverfisstofnun (sem ritaði fundargerð)*

*Valdimar Kristjánsson, Umhverfisstofnun*

*Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar*

*Agnes Geirdal, formaður umhverfisnefndar Bláskógabyggðar*

## Fundardagskrá:

1. Samstarfshópur kynnir sig
2. Þórdís fer yfir ferlið við gerð stjórnunar- og verndaráætlana
3. Samstarfshópur fer í sameiningu yfir drög að 1. og 2. kafla
4. Verk- og tímaáætlun samþykkt
5. Samráðsáætlun samþykkt
6. Næstu skref

1. Allir í samstarfshóp kynna sig.
2. Þórdís fer yfir ferlið við gerð stjórnunar- og verndaráætlana
3. Umræður um 1. og 2. kafla:
  - Samstarfshópur óski eftir því að minjavörður svæðisins taki kaflann um minjar til yfirlestrar og skoði hvort þörf sé á að Náttúrufræðistofnun Ísland renni yfir kafla um dýralíf, þá aðalleg hveraörverur og texta um laugadeplu.
  - Ákveðið var að hafa sérstakan kafla um skógrækt – Valdimar skoðar betur texta í þann kafla.
  - Umræða um sorp innan svæðisins. Ákveðið var að taka þá umræðu vel og skoða hvað hentar svæðinu best, hafa í huga að þetta er mjög fjölfarið svæði. Rætt var um af hverju upprunalega ruslatunnur voru settar á svæðið, en samkvæmt upplýsingum sem Valdimar fékk þegar hann byrjaði að starfa á svæðinu, var að mikið um rusl var á svæðinu svo ákveðið var að setja upp ruslatunnur.
4. Samstarfshópur fór yfir verk- og tímaáætlun og samþykkti. Umræður um að halda opinn kynningarfund, samstarfshópur sammála um að það væri mikilvægt að halda opinn fund fyrir þá sem hafa áhuga á að vera inn í málunum. Spurning hvernig hann verður útfærður, verður skoðað þegar drög að áætlun eru komin lengra í mars/apríl.
5. Farið var yfir samráðsáætlun sem einnig var samþykkt.
6. Þórdís og Valdimar halda áfram og fínþússa 1. og 2 kafla. Þórdís setur upp heimasvæði fyrir gerð áætlunarinnar og sendir tilkynningu á samráðsaðila. Allur hópurinn les yfir 1. og 2. kafla og senda inn ábendingar ef einhverjar eru og skoða og setja niður hugmyndir fyrir 3. kafla. Þórdís og Valdimar byrja á að setja upp 3. kafla og gera drög að áætlun um sérstaka fundi ef þörf er á fyrir hagsmunaaðila (hagsmunaaðilagreiningu). Þórdís boðar næsta samstarfshóp þegar vinna við 3. kafla er komin af stað.